

L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 9. október 1968, um rétt manna
til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga
eða byggingafræðinga.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Fyrirsögn laganna breytist þannig:

Á milli orðanna „húsameistara“ og „tæknifræðinga“ komi orðin: húsgagna- og innan-
hússhönnuði.

2. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi tvær nýjar greinar sem verða 10. og 11. gr. og greinatala
laganna breytist því til samræmis, svohljóðandi:

(10. gr.)

Rétt til að kalla sig húsgagna- og innanhússhönnuði hafa þeir einir hér á landi sem
fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

(11. gr.)

Engum má veita leyfi það sem um getur í 10. gr. nema hann hafi stundað nám og lokið
fullnaðarprófi við listiðnaðarskóla eða aðra sérskóla sem ráðherra viðurkennir sem
fullgildan skóla í þeirri grein, að fenginni umsögn stéttarfélags húsgagna- og innanhúss-
hönnuða.

Þeir sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á að
þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsgagna- og innanhússhönnuði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 73 9.
október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða
byggingafræðinga, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1986.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Þ. Torfason.

Albert Guðmundsson.